STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1973

29. marz 1973. 141 Nr. 64.

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE).

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7/1973 um breyting á lögum um tollskrá o. fl. eru hér með settar reglur um sérstaka tollmeðferð frá og með 1. apríl 1973 vegna aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) og vegna samnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE).

A. Skilyrði sérstakrar tollmeðferðar.

1. gr.

Vörur, sem geta notið sérstakrar tollmeðferðar skv. 2. gr. auglýsingar þessarar og falla undir tollskrárnúmer í dálk með yfirskriftinni EFTA-tollur, skulu frá og með 1. apríl 1973 því aðeins njóta hennar, að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

1) að vörurnar séu frá aðildarríkjum EFTA eða EBE og fullnægi, eftir því sem við á, skilyrðum um uppruna skv. bókun nr. 3 við samning milli Íslands og EBE (hér eftir nefnd bókun nr. 3) eða skilyrðum um uppruna skv. Hluta I í Viðauka B við EFTA-samninginn (hér eftir nefndur Viðauki B), svo sem nánar er að vikið í B-kafla auglýsingar þessarar,
2) að gætt sé, eftir því sem við á, ákvæða um tollendurgreiðslur í 23. gr. bókunar nr. 3 eða í 23. gr. Viðauka B.
3) að gætt sé, eftir því sem við á, ákvæða um flutning vara í 7. gr. bókunar nr. 3 og í 7. gr. Viðauka B,
4) að innflytjandi fylgi reglum um framlagningu skjala, vegna vara, sem óskað er sérstakrar tollmeðferðar fyrir, sbr. C-kafla auglýsingar þessarar.

2. gr.

Í samræmi við ákvæði 1. gr. geta allar vörur, sem fullnægja skilyrðum um uppruna skv. bókun nr. 3 eða Viðauka B og falla undir tollskrárnúmer í dálk með yfirskriftinni EFTA-tollur, notið þeirrar tollmeðferðar, sem sá dálkur kveður á um, nema annað sé tekið fram í 1. gr. laga nr. 7/1973 um breyting á lögum um tollskrá o. fl.

3. gr.

Ákvæði EFTA-samningsins og samnings Íslands og EBE ná, eftir því sem við á, til eftirtalinna ríkja í Evrópu, svo og til þeirra landssvæða annarra, sem tengd eru hlutaðeigandi ríkjum:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

EFTA-lönd:
Austurríki,
Finnland,
Ísland,
Liechtenstein,
Noregur (ásamt Svalbarða),
Portúgal (ásamt Azoreyjum og Madeira),
Sviss,
Svíþjóð.

EBE-lönd:
Belgía,
Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermarsundseyjunum og eynni Mön),
Danmörk (ásamt Grænlandi),
Frakkland,
Holland,
Írland,
Ítalía,
Luxembourg,
Sambandslýðveldið Þýzkaland.

B. Upprunareglur.

4. gr.

Skilyrðum þeim, sem um getur í 1. tl. 1. gr., um uppruna vara, skal talið fullnægt að því tilskildu, að uppruni varanna sé í samræmi við eftirfarandi:

I

Að því er varðar vörur, sem falla bæði undir vörusvið EFTA-samningsins og almennt undir vörusvið fríverzlunarsamninga EFTA-ríkjanna við EBE, svo og sjávarafurðir í bókun nr. 6 í samningi Íslands við EBE, þá skulu þær uppfylla einhverja eftirtalda upprunareglu:

1) Að varan „sé að öllu leyti fengin", sbr. 1. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B.
Vara telst „að öllu leyti fengin" á Íslandi, í EBE, í Svíþjóð, Sviss o. s. frv., ef um er að ræða eftirfarandi:
a) Jarðefni, sem unnin eru úr jörðu í landi þeirra eða úr hafsbotni þeirra;
b) vörur úr gróðurríkinu, sem þar eru ræktaðar;
c) lifandi dýr, sem þar eru borin og alin;
d) afurðir lifandi dýra, sem þar eru alin;
e) veiðibráð og fiskafurðir, sem þar er aflað með veiðum;
f) sjávarafurðir, sem aflað er frá skipum þeirra;
g) vörur, framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þeirra, algerlega úr vöru, sem við er átt í f-lið;
h) notaðar vörur, sem þar er safnað og ekki er hægt að nota aftur sem hráefni;
i) úrgangsefni iðnaðar, sem þar er stundaður;
j) vörur, sem þar eru algerlega framleiddar úr efnivörum, sem taldar eru í liðum a—i.

2) Að varan hafi hlotið „nægilega aðvinnslu" skv. ákvæðum 1. og 5. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B. Þá gildir sú meginregla, að krafizt er tollskrárnúmeraskipta, þ. e. a. s. að allar innfluttar efnivörur, sem notaðar eru í framleiðslu fullunnu vörunnar, verða að falla undir annað tollskrárnúmer en fullunna varan. Í því sambandi teljast „innfluttar" allar efnivörur, sem ekki hafa öðlazt upprunarétt-

indi, annað hvort í útflutningslandinu eða í því landi, sem varan er seld til. Land í þessum skilningi, telst vera landssvæði hvers aðildarríkis EFTA um sig, svo og landssvæði aðildarríkja EBE í heild.

Ef fyrrgreindri meginreglu er fullnægt, ber enn fremur að athuga, hvort í lista A við bókun nr. 3 eða Viðauka B séu sett frekari skilyrði um framleiðslu vörunnar, til þess að upprunaréttindum verði náð. Ef svo er, verður að uppfylla ákvæði þess lista. Ef svo er ekki, er meginreglan um tollskrárnúmeraskipti ákvarðandi um, hvort varan öðlast upprunaréttindi. Sé hins vegar meginreglunni um tollskrárnúmeraskipti ekki fullnægt, ber að athuga, hvort í lista B séu ákvæði, sem þrátt fyrir það veiti framleiddri vöru upprunaréttindi.

Eftirfarandi aðvinnsla ein sér telst aldrei nægileg til þess að varan teljist upprunavara, hvort sem hún skiptir um tollskrárnúmer við aðvinnsluna eða ekki:

a) Þegar meðferðin miðar að því að tryggja, að varan haldist óskemmd, meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða vatn, sem bætt er í öðrum efnum, hreinsun með því að fjarlægja skemmda hluta og lík meðferð);
b) þegar um einfalda meðferð er að ræða til að rykhreinsa, sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal söfnun í sett), þvo, mála eða hluta í sundur;
c) þegar skipt er um umbúðir, eða vörum skipað í minni eða stærri sendingar; þegar varan er aðeins sett á flöskur eða glös, í poka, hylki eða öskjur, á bakka o. s. frv. eða sett á annan einfaldan hátt í umbúðir;
d) þegar sett eru merki, miðar eða önnur slík auðkenni á vörurnar sjálfar eða umbúðir þeirra;
e) þegar um einfalda blöndun vara er að ræða, hvort sem um ólíkar vörur er að ræða eða ekki, ef einn eða fleiri hlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum um uppruna, sem sett eru í bókun nr. 3 eða Viðauka B;
f) þegar hlutar eru settir saman á einfaldan hátt í því skyni að gera heilan hlut;
g) þegar beitt er saman tveimur eða fleiri aðferðum, sem lýst er í a—f liðum hér að framan;
h) þegar dýrum er slátrað.

3) Þegar vörur í lista A eða B geta því aðeins fengið upprunaréttindi, að verðmæti efnivara, sem ekki fullnægja upprunaskilyrðum, fari ekki fram úr ákveðnum hundraðshluta af verðmæti fullunnu vörunnar, þá gilda eftirfarandi reglur um ákvörðun verðmætisins:
   a) Verðmæti efnivara, sem hægt er að sannreyna, að fluttar hafi verið inn, er tollverð þeirra við innflutning. Þegar um er að ræða efnivörur af óvissum uppruna, er verðmætið fyrsta verð, sem hægt er að sannreyna, að hafi verið greitt fyrir þær í því landi, sem framleiðslan á sér stað.
   b) Verðmæti framleiddu varanna er verð þeirra frá verksmiðju að frádregnum innlendum álögum, sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning varanna. Með verði vörunnar frá verksmiðju er átt við það verð, sem greitt er framleiðandanum í fyrirtækinu, þar sem hin nægilega aðvinnsla fer fram. Hafi verið unnið að framleiðslunni í tveimur eða fleiri fyrirtækjum, er verðið, sem miða skal við, það verð, sem greitt er þeim framleiðanda, er síðast hafði vöruna til vinnslu.
4) Vörur geta, eftir því sem við á, varðveitt áunnin upprunaréttindi sín í EFTA-landi eða EBE, hafi þær ekki eftir útflutning frá viðkomandi EFTA-landi eða EBE hlotið neina þá aðvinnslu í því landi, sem þær eru fluttar til, sem veitir þeim upprunaréttindi þar, enda hafi við aðvinnsluna verið notaðar upprunavörur frá EBE eða EFTA-löndum og gætt sé ákvæða b-liðar, stafliðar A, 1. tl.

2. gr. bókunar nr. 3; b-liðar, stafliðar B, 1. tl. 2. gr. sömu bókunar; ákvæða 2. tl. og 3. tl. 2. gr. bókunar nr. 3, svo og 3. gr. bókunar nr. 3; og, eftir því sem við á, hliðstæðra ákvæða í Viðauka B.

II

Að því er varðar vörur, sem koma undir EFTA-samninginn, en ekki undir fríverzlunarsamninga milli EFTA-landanna og EBE, gilda almennar reglur Viðauka B um uppruna, en auk þess, eftir því sem við á, ákvæði kafla II í listum A og B við Viðauka B.

5. gr.

Samkvæmt samningi Íslands við EBE haldast tollfríðindi þau, sem íslenzkar útflutningsvörur nutu í Danmörku og Bretlandi á grundvelli EFTA-samningsins, að mestu óbreytt, þrátt fyrir úrsögn þessara landa úr EFTA, enda sé fullnægt almennum skilyrðum um uppruna í bókun nr. 3 og Viðauka B og sérstökum skilyrðum í 25. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B, sem gilda á því tímabili tollalækkana, er kveðið er á um í samningum milli EFTA-landanna og EBE og ákveðið hefur verið fyrir hverja vöru.

6. gr.

Bókun nr. 3 og Viðauka B fylgja sérstakar skýringar við einstakar greinar, og eru þær óaðskiljanlegur hluti upprunareglnanna.

C. Flutningsskírteini og eyðublað EUR. 2.

7. gr.

1) Gegn framvísun flutningsskírteinis A. IS. 1 verður notið fríðinda samnings Íslands og EBE og EFTA-samningsins, ef um er að ræða upprunavörur í skilningi 1. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B. Skírteinið er gefið út af tollyfirvöldum í útflutningslandinu.
2) Ef beita þarf ákvæðum 2. eða 3. gr. bókunar nr. 3 eða Viðauka B, til þess að fríðinda fyrrgreindra samninga verði notið, er notað flutningsskírteini A. W. 1. Það er gefið út af tollyfirvöldum í hverju landi um sig, þar sem vörurnar hafa annað hvort verið um kyrrt, áður en þær voru endurútfluttar óbreyttar, eða hlotið aðvinnslu, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B. Flutningsskírteini A. W. 1 er aðeins gefið út gegn framvísun áður útgefins flutningsskírteinis.
3) Flutningsskírteini A. IS. 1 og A. W. 1 verða ekki gefin út nema eftir skriflegri umsókn útflytjanda á þar til gerðu eyðublaði.
4) Útflytjandi getur fengið flutningsskírteini til ráðstöfunar, eftir að varan hefur raunverulega verið flutt út eða útflutningur hennar verið tryggður.
5) Í undantekningartilvikum er heimilt að gefa út flutningsskírteini, eftir að vörurnar, sem það á við, hafa verið fluttar út, enda hefur ekki getað orðið af útgáfu skírteinisins fyrr, vegna mistaka, óviljandi vanrækslu eða óvenjulegra aðstæðna.
6) Flutningsskírteini verður því aðeins gefið út, að hægt sé að nota það sem skriflegt sönnunargagn um, að beita beri fríðindareglum EFTA-samningsins og samnings Íslands og EBE.
7) Frestur til afhendingar flutningsskírteinis er 4 mánuðir frá útgáfudegi.
8) Tollyfirvöldum er heimilt að krefjast þýðingar á flutningsskírteini.

8. gr.

Vörur, sem eru hinn 1. apríl 1973 á leið milli Efnahagsbandalagsins og EFTA-landa annars vegar og Íslands hins vegar eða í bráðabirgðageymslu þar, í tollvörugeymslu eða á tollfrjálsum svæðum, geta notið ákvæða samnings Íslands og EBE eða EFTA-samningsins, enda verði tollyfirvöldum í innflutningslandinu — innan 4 mánaða frá þessum degi — afhent flutningsskírteini, útgefið eftir á af réttum yfirvöldum í útflutningslandinu, auk skjala, sem staðfesta með hvaða hætti vörurnar hafa verið sendar.

9. gr.

Upprunavörur skv. ákvæðum 1., 2. og 3. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B, sem eru í póstsendingu (þ. m. t. bögglar), skulu, svo framarlega sem sendingin inniheldur eingöngu upprunavörur og verðmæti sendingarinnar fer ekki fram úr 1000 reikningseiningum, njóta ákvæða samnings Íslands og EBE eða EFTA-samningsins, þegar framvísað er eyðublaði EUR. 2.

Eyðublað EUR. 2 skal útfyllt af útflytjanda, og skal það fyllt út fyrir hverja póstsendingu. Eftir útfyllingu og undirritun beggja hluta eyðublaðsins skal útflytjandi, sé um bögglapóst að ræða, festa báða hluta eyðublaðsins við fylgibréfið. Sé um bréfapóst að ræða, skal útflytjandi festa hluta 1 tryggilega við sendinguna, en leggja hluta 2 inn í hana.

10. gr.

1) Án þess að krefjast útfyllingar á eyðublaði EUR. 2 eða, eftir því sem við á, án framvísunar flutningsskírteina, skulu Efnahagsbandalagið og aðildarríki EFTA veita viðtöku og viðurkenna sem upprunavörur, vörur, sem sendar eru í smásendingum til einkaaðila, svo og vörur, sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé ekki um innflutning í viðskiptaskyni að ræða og lýst hafi verið yfir, að vörurnar uppfylli þau skilyrði, sem þessi ákvæði mæla fyrir um, og ekki leikur neinn vafi á um sannleiksgildi slíkra yfirlýsinga.
2) Svo er litið á, að innflutningur sé á engan hátt viðskiptalegs eðlis, þegar hann er bundinn við einstakt tilvik og aðeins er um að ræða hluti til persónulegra nota viðtakandans eða ferðamannsins eða fjölskyldu hans, enda veki eðli varanna og magn ekki þá hugmynd, að innflutningur þeirra eigi sér stað með verzlunarviðskipti fyrir augum. Enn fremur má heildarverðmæti varanna ekki fara fram úr 60 reikningseiningum að því er varðar smásendingar, en 200 reikningseiningum að því er varðar einkafarangur ferðamanna.
3) Reikningseining jafngildir 0.88867088 g af hreinu gulli eða 119.00 ísl. kr., að breyttu breytanda.

D. Aðstoð við útflytjendur.

11. gr.

Tollyfirvöld munu veita útflytjendum upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umsóknir um útgáfu flutningsskírteina. Upplýsingar, sem tollyfirvöld veita, eru því aðeins bindandi, að þeirra sé óskað skriflega og þeim svarað á sama hátt.

Jafnframt veita Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Verzlunarráð Íslands fyrirtækjum upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umsóknir til tollyfirvalda um útgáfu flutningsskírteina.

E. Ýmis ákvæði.

12. gr.

1) Vörur, sem sendar hafa verið til Íslands frá aðildarríki EFTA eða frá Bretlandi og Danmörku og eru hinn 1. apríl 1973 á leið til landsins, skulu fram til 15. maí 1973 njóta EFTA-tollmeðferðar á Íslandi, enda uppfylli þær skilyrði Hluta II í Viðauka B við EFTA-samninginn um svæðisuppruna.

2) Frá og með 1. apríl 1973 er óheimilt að gefa út EFTA-skírteini eða EFTA-yfirlýsingar á vörureikningum, til þess að notið verði fríðinda EFTA-samningsins eða samnings Íslands og EBE í aðildarríkjum EFTA eða í Bretlandi og Danmörku.

F. Viðurlög.

13. gr.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á lögum um tollheimtu og tolleftirlit varðar það sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, að láta í té eða valda því, að látin séu í té skjöl eða vottorð, sem eru röng í mikilvægum atriðum, um uppruna íslenzkrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana, sem eiga að tryggja, að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamninga. Þó má falla frá málsókn, ef sá, sem misgert er við, hefur ekki krafizt hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem fyrir liggja.

G. Gildistaka.

14. gr.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. apríl 1973, og er þá jafnframt úr gildi fallin, frá sama tíma, auglýsing ráðuneytisins um EFTA-tollmeðferð, frá 12. febrúar 1970.

Fjármálaráðuneytið, 29. marz 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.